



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpvaggi

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Djúpivogur, 11. maí 2023  
MÍ202304-0123/ 6.07 / P.E.H.

## Efni: Auknar snjóflóðavarnir á Seyðisfirði - fyrirspurn um matskyldu umhverfisáhrifa

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf Skipulagsstofnunar frá 26. apríl 2023 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Meðfylgjandi var greinargerð, dags. mars 2023.

Múlaþing áformar auknar snjóflóðavarnir á Seyðisfirði norðan við Öldugarð sem er í framkvæmd. Hönnun varnargarða í fyrri umhverfismati miðaðist við að verja íbúðahverfi en ekki atvinnusvæði hafnarinnar og í einhverjum tilvikum varð áhætta á húsum á hafnarsvæðinu meir án varnargarða. Tilgangur framkvæmdarinnar er því fyrst og fremst að bæta öryggi Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum.

Varnarkeilur verða settar upp norðan við Öldugarð ofan við hafnarsvæðið. Byggðar verða sjö keilur í hlíðinni og er hver keila um 9m á hæð og brött á þrjá vegu. Þær verða byggðar í tveimur röðum, þrjár staðsettar ofar í hlíðinni og fjórar nær höfninni. Efni í keilurnar mun fást innan framkvæmdarsvæðisins og/eða úr Skaganámu. Gert er ráð fyrir að aðkoma að svæðinu verði eftir vinnuvegi á framkvæmdasvæði snjóflóðavarnargarðanna.

Í kafla 5.1 í greinargerðinni er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Þar segir að staðsetning keilna verði á svæði þar sem fornleifaskráning hefur aðeins farið fram að hluta. Þar er vísað í fornleifaskráningu Byggðasafns Skagfirðinga frá 2019. Þar sem ekki hafi farið fram skráning fornminja á öllu framkvæmdarsvæðinu er mat áhrifa framkvæmdanna á fornminjar háð óvissu. Áður en framkvæmdir hefjast verður fornleifafræðingur fenginn til að skrá svæðið og Minjastofnun tilkynnt um niðurstöður þeirrar skráningar. Farið verði í mótvægisáðgerðir ef þurfa þykir.

### Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun vekur athygli á því að fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Þrjár fornleifaskráningar hafa farið fram innan svæðisins. Árið 2009 unnu Bjarki Borgþórsson og Ólafur Pétursson fornleifaskráningu;

**Þuríður Elísa  
Harðardóttir**  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

*Fornleifaskráning Seyðisfjarðar. Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009-2029. Sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Árið 2019 vann Byggðasafn Skagfirðinga fornleifaskráningu vegna umhverfismats ofanflóðvarna undir Bjólfi; Mat á umhverfisáhrifum vegna snjóflóðavarnargarða í Seyðisfirði (skýrsla nr. 2019/218). Sú skráning nær yfir svæðið að hluta. Árið 2021 vann svo Antikva ehf. fornleifaskráningu vegna deiliskipulagsgerðar svæðisins; Seyðisfjörður. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Snjóflóðavarnargarða undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði. Úttektarsvæði þeirrar fornleifaskráningar var stærra en deiliskipulagssvæðið og nær meðal annars yfir framkvæmdarsvæðið sem hér er til umsagnar. Samkvæmt henni eru innan þess svæðis sem fyrirhugað er að reisa keilur þrjár fornleifar í stórhættu:*

- **Matjurtargarður (118)** sem er afmarkaður með steinhlöðnum vegg. Hann stendur upp við túngarð (119) sem myndar austurvegg matjurtargarðarins.
- **Túngarður (119)** er steinhlaðinn garður sem liggur í vestur frá Ránargötu upp að matjurtargarði (118). Þaðan tekur garðurinn stefnu til norðurs.
- **Matjurtargarður (62)** er ferhyrndur en mjókkar til norðurs. Garðurinn liggur í halla og er neðsti veggur hans hæstur en þar er sýnileg fjórföld steinaröð.

*Grafa þarf könnunarskurði í matjurtargarð (118) og matjurtargarð (62). Vakin er athygli á því að niðurstöður þeirrar rannsóknar kunna að leiða af sér frekari rannsóknir ef þörf þykir. Túngarður (119) var rannsakaður árið 2021 og er sú rannsókn fullnægjandi mótvægisáðgerð og ekki þörf á frekari rannsókn á honum af þeim sökum.*

Tvær minjar eru einnig innan svæðisins sem falla ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þetta eru:

- **Skotbyrgi (117)** í formi hringlaga dældar.
- **Leið (44)** liggur frá suður til norðurs um svæðið.

*Minjastofnun telur skráningu ofangreindra minja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.*

*Þær rannsóknir sem þarf að vinna innan svæðisins er nú þegar hafnar í samráði við Minjastofnun Íslands. Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggja fullnægjandi gögn um menningarminjar á fyrirhuguðu áhrifasvæði ofangreindrar framkvæmdar. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:*

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:*

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Nánari upplýsingar veitir undirrituð.*

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

*Afrit sent í tölvupósti:*

*Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))*

*Egill Þórarinsson ([egill@skipulag.is](mailto:egill@skipulag.is))*

15. maí 2023

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

### Umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna aukinna snjóflóðavarna undir Bjólfshlíðum, Seyðisfirði

Með tölvupósti dagsettu 26. apríl sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) um matsskyldufyrirspurn vegna aukinna snjóflóðavarna undir Bjólfshlíðum, Seyðisfirði. Skýrslan sem hér er til umsagnar er unnin af VSÓ ráðgjöf og er dagsett í mars 2023.

Í skýrslu VSÓ segir „*Framkvæmdin felur í sér að byggðar verði alls 7 keilur í hlíðinni norðan við fyrirhugaðan Öldugarð og vestan við húsbílastæði. Hver keila er um 9 m að hæð og brött á þrjá vegu.*“ Fram kemur að heildarefnispörf framkvæmdanna sé um 17.700m<sup>3</sup>.

Tekið er fram að framkvæmdin sé ekki í samræmi við aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 en að aðalskipulagsbreyting sé í vinnslu samhliða matsskyldufyrirspurninni.

Ýmis starfsemi á framkvæmdatíma er háð starfsleyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á lögunum byggja s.s. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þar með talin efnitaka skv. tölulið 2.6 í viðauka X (Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám.) Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir Skaganámu, þaðan sem gert er ráð fyrir að efni verði fengið í ofanflóðavarnirnar, með gildistíma til 19.11.2033. Viðgerðaraðastaða verktaka með þungavinnuvélar er starfsleyfisskyld skv. tölulið 7.15 í viðauka X og önnur starfsemi s.s. starfsmannabúðir eru auk þess starfsleyfisskyld skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti m.s.br.

Gera má ráð fyrir að talsverður hávaði og ónæði í nágrenni framkvæmda munu skapast á framkvæmdatíma. HAUST hefur lagt áherslu á að farið sé skilyrðislaust eftir tímatakmörkunum sem eiga við um háværar framkvæmdir, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

**Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni að tekni tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt gerir HAUST ráð fyrir að geta komið á framfæri athugasemdum, ábendingum og leiðbeiningum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.**

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

17. maí 2023

22455

## Dreifing

Skipulagsstofnun

&gt; Jón Smári Jónsson

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Höfundur

EBA

Yfirfarið/Samþykkt

Hugrún Hjálmarsdóttir, Múlaþing

Tilfni

**Matsskyldufyrirspurn: Auknar snjóflóðavarnir undir Bjölfshlíðum, Seyðisfirði**

Viðbrögð við umsögnum

**1 Viðbrögð Múlaþings við umsögnum**

Skipulagsstofnun kynnti matsskyldufyrirspurn um auknar snjóflóðavarnir undir Bjölfshlíðum, Seyðisfirði og var kynningartími frá 26. apríl til 25. maí 2023. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá tveimur aðilum en tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf sé á viðbrögðum Múlaþings.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Múlaþings

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Heilbrigðiseftirlit Austurlands	Ekki þörf á viðbrögðum
Minjastofnun Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1

**1.1 Minjastofnun Íslands**

Í umsögn segir:

„Samkvæmt [fornleifaskráningum] eru innan þess svæðis sem fyrirhugað er að reisa keilur þrjár fornleifar í stórhættu:

- Matjurtargarður (118) sem er afmarkaður með steinhlöðnum vegg. Hann stendur upp við túngarð (119) sem myndar austurvegg matjurtargarðarins.
- Túngarður (119) er steinhladdinn garður sem liggur í vestur frá Ránargötu upp að matjurtargarði (118). Þaðan tekur garðurinn stefnu til norðurs.
- Matjurtargarður (62) er ferhyrindur en mjókkar til norðurs. Garðurinn liggur í halla og er neðsti veggur hans hæstur en þar er sýnileg fjórföld steinaröð.

Grafa þarf könnunarskurði í matjurtargarði (118) og matjurtargarði (62). Vakin er athygli á því að niðurstöður þeirrar rannsóknar kunna að leiða af sér frekari rannsóknir ef þörf þykir. Túngarður (119) var rannsakaður árið 2021 og er sú rannsókn fullnægjandi mótvægisáðgerð og ekki þörf á frekari rannsókn á honum af þeim sökum.

Tvær minjar eru einnig innan svæðisins sem falla ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þetta eru:

- Skotbyrgi (117) í formi hringlaga dældar.
- Leið (44) liggur frá suður til norðurs um svæðið.

Minjastofnun telur skráningu ofangreindra minja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.“

**Viðbrögð Múlaþings:** Nýlega lauk rannsóknum m.a. á matjurtagarðum (118 og 62) í samræmi við umsögn Minjastofnunar. Múlaþing mun sækja um leyfi til Minjastofnunar vegna framkvæmdar sbr. lög nr. 80/2012 um menningarminjar.